




# Planið

## 8. – 10. bekk

Í Planinu má finna helstu upplýsingar sem lúta að námi nemenda skólaárið 2013-2014. Vanti ítarlegri upplýsingar skal ekki hikað við að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjóra.

**Grunnskóli Raufarhafnar**

2013-2014



# Íslenska

---

**Kennari:** María Sveinsdóttir

**Markmið:**

Markmið taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og má finna hér

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=F5949715D52DECA1002576F00058DC5B&action=openDocument>

*Kennsluaðferðir:*

Kennari er með innlegg um málfræði, bókmenntir og ritun; nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni, skrifa heimildaritgerð, munnleg tjáning og áhorf (myndir og leikhús), eru partur af kennslu.

*Kennslugögn:*

*Skerpa 2 og 3, Englar alheimsins* eftir Einar Má Guðmundsson, *Gísla saga Súrssonar*; ljósrit frá kennara um málfræði, bókmenntir og ritun.

*Námsmat:*

Próf úr hverri lotu í *Skerpu*, gilda 15-17% eftir efni og umfangi, próf í bókmenntum á haustönn 20%, heimildaritgerð á vorönn 15%. Starfseinkunn er 15% og þar er metin vinna nemenda í tímum, heima- og verkefnavinna.

# Enska

---

**Kennari:** Birna Björnsdóttir

**Fjöldi tíma á viku:** 3 klukkustundir = 4 ½ kennslustundir

**Markmið:**

Markmiðin er hægt að finna á netinu:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=F5949715D52DECA1002576F00058DC5B&action=openDocument>

### *Kennsluaðferðir*

Þeir færniþættir sem lagðir eru til grundvallar í náminu eru hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun og menningarläsi skv. markmiðum aðalnámskrár.

Mikil áhersla er lögð á hlustun og að nemendur geti tjáð sig á ensku, hvort heldur um kennsluefni eða í almennum umræðum og frásögnum. Kennari fer yfir verkefni og málfræðireglur á töflu og munnlega. Nemendur vinna ýmist sem einstaklingar, í þörum eða smærri hópum. Kennari og nemendur tala saman á ensku í kennslustundum.

### *Námsefni*

*Spotlight 9* og *Spotlight 10*, les- og vinnubækur ásamt hlustunarefni

Lestrarbækur að eigin vali og valdar af kennara

Internetið

Bíómyndir

Verkefni frá kennara

### *Námsmat*

Tekin eru kaflapróf jafnt og þétt yfir önnina sem og kannanir í málfræði.

Á vorönn er lokapróf sem gildir 15%.

Kennaraeinkunn er metin út frá ástundun, vinnusemi nemenda, heimanámi og verkefnaskilum.

<u>Haustönn:</u>		<u>Vorönn:</u>	
Kaflapróf	45%	Kaflapróf	30%
Málfræðiþróf	40%	Málfræðiþróf	30%
Ólesnir textar	5%	Verkefni	7,5%
Kennaraeinkunn	10%	Munnlegt próf	7,5%
		Lokapróf	15%
		Kennaraeinkunn	10%

Kennari áskilur sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

# Danska

---

**Kennari:** Frida Elisabeth Jörgensen

**Markmið:**

Markmiðin er hægt að finna á netinu:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=F5949715D52DECA1002576F00058DC5B&action=openDocument>

*Kennsluaðferðir:*

Töflukennsla, ýmis einstaklingsverkefni, vinnubókarkennsla, námsleikir, leitarnám (verkefni þar sem nemendur leita sér sjálfir upplýsinga í bókum og á netinu), ritun (bæði frjáls og bundin), hlustun og áhorf (dönsk tónlist og kvikmyndir) og munnleg tjáning.

*Kennslugögn:*

*Ekko*, lesbók og vinnubók. Málfræðiæfingar úr *Grammatik* (ljósrit frá kennara) og danskar kvikmyndir.

*Námsmat:*

Próf í lok hvorrar annar gildir 30%. Verkefni gilda 5-10%, smáverkefni 5% og tímapróf 10%. Vinnueinkunn er svo 20% og þar er metin vinna nemenda í tímum, heimavinna og vinnubók sem nemendur skila í lok annar.

# Stærðfræði 9. bekk

**Kennari:** Birna Björnsdóttir

**Fjöldi tíma á viku:** 3,67 klukkustundir = 5 ½ kennslustundir

## Markmið:

Markmiðin er hægt að finna á netinu: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

## Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna einir, í pörum eða í hópum eftir því sem við á hverju sinni. Kennari kynnir nýja námsþætti fyrir öllum nemendum í einu frá töflu. Áhersla er lögð á að nemendur tali saman um námsefnið, noti hugtök stærðfræðinnar, útskýri og rökstyði hver fyrir öðrum og kennara og auki þannig skilning sinn. Kennari hvetur nemendur áfram með spurningum og leitast þannig við að fá nemendur til að hugsa sjálfstætt.

## Námsefni / námsgögn

Kennslubækurnar *Átta tíu 3* og *Átta tíu 4* eru námsbækur vetrarins. Í bókunum eru teknir fyrir eftirtaldir efnisþættir innan stærðfræðinnar; *tölur, rými, algebra, talnameðferð, rökfræði og mengi, almenn brot, hlutföll, stæður, tölfræði og líkindi, jöfnur, fjármál, hyrningar, hringir og tími*.

Form eru notuð mikið í kennslu og reynt að vinna hlutbundið þegar það er hægt.

## Námsmat

Námsmatið er samsett úr nokkrum þáttum; kannanir úr hverjum kafla eru lagðar fyrir og gilda þær 60% af annareinkunn, annarpróf í lok annar gildir 30% og kennaraeinkunn er 10%. Kennaraeinkunn byggir á vinnusemi, samvinnu, þátttöku í tímum og hvort að nemandi fylgi áætlun.

Kannanir	60%
Annarpróf	30%
Kennaraeinkunn	10%

Kennari áskilur sér rétt til breytinga gerist þess þörf

# Stærðfræði 10. bekk

---

**Kennari:** Birna Björnsdóttir

**Fjöldi tíma á viku:** 3,67 klukkustundir = 5 ½ kennslustundir

## Markmið:

Markmiðin er hægt að finna á netinu: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

## Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna einir, í pörum eða í hópum eftir því sem við á hverju sinni. Kennari kynnir nýja námsþætti fyrir öllum nemendum í einu frá töflu. Áhersla er lögð á að nemendur tali saman um námsefnið, noti hugtök stærðfræðinnar, útskýri og rökstyði hver fyrir öðrum og kennara og auki þannig skilning sinn. Kennari hvetur nemendur áfram með spurningum og leitast þannig við að fá nemendur til að hugsa sjálfstætt.

## Námsefni / námsgögn

Kennslubækurnar *Átta tíu 5*, *Átta tíu 6* og *Almenn stærðfræði III* eru námsbækur vetrarins. Í bókunum eru teknir fyrir eftirtaldir efnisþættir innan stærðfræðinnar; *rúmfræði*, *algebra*, *tölur og talnafræði*, *líkur*, *pýþagóras*, *líkön*, *jöfnur*, *rökhugsun*, *rauntölur*, *horn*, *prósentur*, *ferningar* og *ferningsrætur*, *jöfnur* og *jöfnuhneppi* og *sannanir í rúmfræði*.

Form eru notuð mikið í kennslu og reynt að vinna hlutbundið þegar það er hægt.

## Námsmat

Námsmatið er samsett úr nokkrum þáttum; kannanir úr hverjum kafla eru lagðar fyrir og gilda þær 60% af annareinkunn, annarpróf í lok annar gildir 30% og kennaraeinkunn er 10%. Kennaraeinkunn byggir á vinnusemi, samvinnu, þátttöku í tímum og hvort að nemandi fylgi áætlun.

Kannanir	60%
Annarpróf	30%
Kennaraeinkunn	10%

Kennari áskilur sér rétt til breytinga gerist þess þörf

# Náttúrufræði

**Kennari:** Birna Björnsdóttir

**Fjöldi tíma á viku:** 2 klukkustundir = 3 kennslustundir

## Markmið:

Markmiðin er hægt að finna á netinu: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

## Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna einir, í pörum eða í hópum eftir því sem við á hverju sinni. Kennari er með innlögn skapar umræður um námsefnið eftir því sem við á. Rík áhersla er tengja námsefnið við daglegt líf.

## Námsefni / námsgögn:

Kennslubækurnar *Sól, tungl og stjörnur*, *Efnisheimurinn* og *Eðlis- og stjörnufræði 1* (sem er ekki komin út en er aðgengileg á heimasíðu nams.is). Ef tími vinnst til verður farið í *Erfiðir og þróun*.

## Námsmat:

Nemendur skila vinnubók í lok annar þar sem þeir hafa safnað saman öllum verkefnum, niðurstöðum úr athugunum og kynningum. Þessi vinna er metin til einkunnar og því er þessi áfangi eingöngu símatsáfangi.

Kennaraeinkunn byggir á vinnusemi, samvinnu, þátttöku í tímum og hvort að nemandi fylgi áætlun.

### Haustönn:

Vinnubók <i>Sól, tungl og stjörnur</i> (1. og 2. kafli)	35%
Vinnubók <i>Efnisheimurinn</i> (1. og 2. kafli)	55%
Kennaraeinkunn	10%

### Vorönn:

Vinnubók <i>Efnisheimurinn</i> (3. og 4. kafli)	30%
Vinnubók <i>Eðlis- og stjörnufræði</i>	45%
Vinnubók <i>Erfiðir og þróun</i>	15%
Kennaraeinkunn	10%

Kennari áskilur sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

# Samfélagsfræði

---

**Kennari:** María Sveinsdóttir

**Markmið:**

Markmið taka mið af aðalnámskrá grunnskóla sem finna má á hér:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

*Kennsluaðferðir:*

Töflukennsla; nemendur lesa heima og vinna ýmis verkefni og kynna fyrir samnemendum sínum. Kennari metur öll verkefni og kynningar. Unnið er í tölvum, upplýsinga aflað og þær settar á veggspjöld og glærur.

*Kennslugögn:*

*Þjóðfélagsfræði* eftir Garðar Gíslason; ítarefni á vef Námsgagnastofnunar og á Skólavefnum; fræðslumyndbönd, tímarita- og blaðagreinar.

*Námsmat:*

Á hvorri önn er farið í tvo kafla bókarinnar *Þjóðfélagsfræði*; það eru tvö próf á önn og gilda þau 25% hvort; nemendur vinna lokaverkefni tengt hverjum kafla og gildir hvert verkefni 15%; starfseinkunn er 20% af lokaeinkunn á önn, og þar er metin vinna nemenda í tímum, heima- og verkefnavinna.

## Upplýsinga- og tæknimennt

---

**Kennari:** Frida Elisabeth Jörgensen

**Markmið:**

Markmiðin er hægt að finna á netinu:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

*Kennsluaðferðir:*

Sýnikennsla og verkefnavinna. Áhersla á menningarläsi og tæknilæsi á fyrri önn. Vinnum myndir í myndbandsformi. Lagt verður áherslu á upplýsingalæsi á seinni önninni.

*Kennslugögn:*



Verkefni og leiðbeiningar (ljósrit frá kennara).

*Námsmat:*

Verkefni fyrri annar er 60% í myndbandsverkefni og 10% google verkefni. 30 % vinnueinkunn í tíma. Seinni önn eru minni einstaklingsverkefni sem gilda 15% hver, vinnueinkunn er 30% og minni verkefni 5% hvert.